

Sérdeild Lækjarskóla fyrir nemendur með þroskaröskun



Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Móttökuáætlun sérdeildar Lækjarskóla Nemendur með þroskaröskun

Unnin af Svölu Níelsdóttur

Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans.

Móttökuáætlun sérdeildar Lækjarskóla fyrir nemendur með þroskaröskun

Sérdeild Lækjarskóla

Við Lækjarskóla er starfrækt sérdeild fyrir nemendur með þroskaröskun í 1.- 10. bekk. Sérdeild Lækjarskóla er rekin af Hafnarfjarðarbæ og er opin nemendum úr öllum skólahverfum bæjarins. Sérdeildin hefur m.a. það hlutverk að láta sérhæfða starfsemi þriggja stiga falla að daglegu starfi Lækjarskóla. Nemendum er skipt í þrjá hópa, yngsta stig, miðstig og unglíngastig. Í daglegu tali vísum við í heiti bekkjanna t.d. eru nemendur í 1.- 2. GSK, 4. – 7. BAG, og 8. – 10. IMH. Að jafnaði er fylgt hefðbundinni aldursskiptingu í skólanum varðandi stigin en skiptingin getur verið öðruvísi s.s. 1.- 5. bekkur eða 4.- 7. bekkur ef það hentar nemendahópnum betur.

Hvert stig hefur kennsluáætlun fyrir sig sem þýðir að starfsemin fer fram á þremur stöðum í skólanum. Í miðrými skólans sem í daglegu tali er kallað rauði gangur eða þar sem miðstig Lækjarskóla hefur yfirleitt sínar heimastofur hefur sérdeildin þrjár stofur. Eina almenna kennslustofu og tvær minni þar af er aðstaða deildarstjóra í einni stofunni. Á gula gangi eða þar sem yngsta stig skólans hefur sínar heimastofur hefur sérdeildin aðgang að þremur kennslustofum. Tveimur almennum kennslustofum (báðar á þriðju hæð) og einni fjölnotastofu þar sem m.a. er kennslueldhús. Einnig hefur sérdeildin fengið aðgang að verkgreinastofu í aðstöðu Fjölgreinanámsins.

Tölvur eru í öllum kennslustofunum og í sérdeildinni eru þrjár spjaldtölvur. Í kennslu er leitast við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta og til þess eru tölvur, skjávarpar, spjaldtölvur, kennsluforrit og spil m.a. notuð.

Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám eða í athöfnum daglegs lífs er leitað allra leiða til að auðvelda honum notkun eða umferli í skólanum. Í skólanum er aðgengi fyrir hjólastóla ágætt, lyfta í húsinu og gert er ráð fyrir hjólastólum á klósettum.

Deildarstjóri ber ábyrgð á móttöku og námi nemenda. Kennarar og þroskaþjálfar á hverju stigi fyrir sig bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlunar, að henni sé fylgt eftir og hún endurmetin einu sinni á ári eða eftir þörfum.

Inntökuteymi og umsóknir

Í inntökuteymi eru sérkennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, skólastjóri Lækjarskóla og deildarstjóri. Teymið kemur saman a.m.k. einu sinni á ári í apríl til að fara yfir þær umsóknir sem borist hafa. Ef þörf er á fundar teymið á öðrum tíma. Teymisstjóri er skólastjóri Lækjarskóla.

Hlutverk teymisins er að móta faglega stefnu í málefnum nemenda með sérþarfir í námi, fjalla um og afgreiða umsóknir nýrra nemenda og ræða almennt innra starfið. Þegar umsókn nemanda er samþykkt hefur deildarstjóri samband við aðstandendur og tilkynnir niðurstöðu símleiðis og bréflega. Aðstandendur eru beðnir um að staðfesta að þeir ætli að þiggja námið. Deildarstjóri hefur einnig samband við þann skóla eða leikskóla sem nemandinn var í.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu Lækjarskóla og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Umsóknum er hægt að skila í Lækjarskóla eða til sérkennsluráðgjafa á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Fyrstu skrefin

Þegar aðstandendur velja fyrir hvort nám í sérdeild Lækjarskóla hentar þeirra barni byrja þeir yfirleitt á að koma í heimsókn í skólann. Stundum koma starfsmenn skóla eða leikskóla með í fyrstu heimsókn. Deildarstjóri tekur á móti aðstandendum. Á fyrsta fundi er skólinn og kennslusvæði skoðuð. Deildarstjóri fær upplýsingar um hvað barnið er gamalt og hvers vegna áhugi er fyrir námi í skólanum. Einnig er rætt um væntingar eða óskir um tengingu við almennan bekk og hvaða námsgreinar helst koma til greina. Deildarstjóri gefur upplýsingar um starfsemina (sjá gátlista 1).

Vakni spurningar eftir fyrstu heimsókn geta aðstandendur óskað eftir annarri heimsókn eða hringt eða sent tölvupóst til deildarstjóra.

Nám

Nemendur eru skráðir í almennan bekk. Við tölum um almennan bekk sem tengslabekk. Allir nemendur eru með einstaklingsnámskrá og eigin stundatöflu.

Námsgreinar sem kenndar eru á stigunum eru: íslenska, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni, enska og tölvur. Nemendur fá einnig tíma í smíði, textílmennt, myndmennt og heimilissfræði með sínum bekk. Lögð er áhersla á að nemendur fari í smíðjur

með tengslabekk og aðrar námsgreinar sem henta þeim. Þeir nemendur sem geta eru með tengslabekknunum sínum í íþróttum og sundi. Á yngsta stigi fara nemendur einnig í tónmennt með tengslabekknunum sínum. Markmið með þátttöku í starfi tengslabekkja geta verið misjöfn. Hjá sumum nemendum geta markmið verið námstengd en hjá öðrum getur verið um félagslegsfærni að ræða. Nemendur 9. og 10. bekkjar velja á sama hátt og nemendur tengslabekkja þeirra eða eins og styrkleikar þeirra leyfa.

Einstaklingsáætlunin er í íslensku og stærðfræði og þar eru markmið út frá getu og þroska nemandans. Í ensku, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni og tölvum er kennsluáætlun byggð meira út frá hópnum en verkefni eru einstaklingsmiðuð. Gert er ráð fyrir að allir í hópnum fái verkefni við hæfi eða geti unnið verkefnin með stuðningi.

Námsmat getur verið bæði í umsögnum eða tölum. Námsmat er alltaf einstaklingsmiðuð.

Í grunninn lítum við svo á að heimastofur nemenda séu í kennslurými sérdeildar en fyrir einhverja nemendur getur það verið kennslustofa tengslabekkjans.

Umsjónarkennari þess stigs sem nemandinn er á er ábyrgur gagnvart nemandanum í daglegu skólastarfi. Hann heldur utan um námið, samskipti við aðstandendur og aðra samstarfsaðila. Ef nemendur eru margir í bekk þá geta tveir kennarar og/eða þroskajálfari skipt á milli sín að vera tenglar nemendanna milli heimilis og skóla og ber þá tengill ábyrgð á einstaklingsáætlun og endurmati á áætluninni.

Kennarar og þroskajálfar gera kennsluáætlanir í völdum námsgreinum sem styðjast við einstaklingsáætlanir nemendanna.

Á hverju stigi fyrir sig eru nemendur á ólíkum aldri með mismunandi námslegar forsendur. Nemendur fá þess vegna ýmist tíma í litlum hópi eða einstaklingskennslu en oftast er unnið í litlum hópi. Einstaklingskennsla þarf ekki endilega að vera 40 mín. eða kennslustund heldur getur verið um styttri tíma að ræða.

Unglingastig námsversins hefur verið í góðu samstarfi við námsráðgjafa skólans og Vinnuskóla Hafnarfjarðar vegna Innherja-Útherja en þar gefst unglíngum tækifæri til að kynnast atvinnulífinu í gegnum vinnu í samstarfi við skólann.

Lækjarskóli vill eiga gott samstarf við þá aðila sem koma að nemendum s.s. GRR, BUGL, iðju- og sjúkráþjálfara, Heyrnar- og talmeinstöð, Sjónstöð o.fl.

Foreldrasamstarf

Áhersla er lögð á að hafa gott samstarf við foreldra og eru foreldrar hvattir til að heimsækja skólann eins oft og þeir vilja og geta. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári samkvæmt skóladagatali Lækjarskóla en fundir eru haldnir eftir þörfum og óskum aðstandenda og skólans.

Teymi

Mynduð eru teymi vegna nemanda en það er einstaklingsmiðað hvernig teymin starfa, hverjir eru í teyminu og hve oft þau koma saman.

Félagsleg þátttaka

Félagsleg samskipti eru mikilvæg í námi nemenda og nýtt eru öll tækifæri sem gefast til samskipta við tengslabekkina.

- Vinahópar:

Í þeim bekkjum sem eru með skipulagða vinahópa eru nemendur með í hópunum ef þeir og aðstandendur þeirra kjósa það.

- Nemendur eru með yngstu bekkjunum í vali.

- Frístundaheimili við Lækjarskóla fyrir börn í 1.- 4. bekk heitir Lækjarsel. Þar skapast góð tækifæri til félagslegra samskipta. Oft þróast samskipti og vinátta þar án inngripa starfsfólks.

- Frístundaklúbburinn Kletturinn býður upp á fjölbreytt frístundastarf er fyrir fötluð börn og unglunga í 5.-10. bekk.

- Vettvangsheimsóknir tengslabekkjara:

Nemendur fara með tengslabekknunum í vettvangsferðir þegar því verður við komið.

- Ferðalög:

Skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði. 7. bekkur Lækjarskóla fer.

Skólabúðir að Laugum í Sælingsdal. 9. bekkur Lækjarskóla fer.

- Jafningjastuðningur, Ég er til ert þú til? er valgrein í 10. bekk. Valgreinin er var í fyrsta sinn í vali haustið 2011. Námsráðgjafi Lækjarskóla, þroskaþjálfari á unglingsstigi sérdeildar og kennari í móttökudeild Lækjarskóla sjá um námið. Markmiðið er að virkja nemendur unglingsdeildar til samskipta.
- Félagsmiðstöð Lækjarskóla er í daglegu tali kölluð Vitinn . Vitinn er með skipulagða dagskrá fyrir 5. – 10. bekk en áhersla starfsins er aðallega á unglingsstiginu.

Móttaka nemenda

- Þegar nemandi er skráður í sérdeild Lækjarskóla er aðlögun unnin í samráði við foreldra. Nemendum er boðið að koma í heimsókn og skoða skólann. Markmið heimsóknarinnar er aðallega að leyfa barninu að koma og sjá skólann, kennara og þá nemendur sem það verður með næsta vetur. Starfsfólki gefst einnig tækifæri til að kynna barninu lítillega.
- Aðstandendur og nemandi geta komið í heimsókn í ágúst í skólann áður en eiginleg starfsemi hefst sé þess óskað.
- Skilafundir vegna nýrra nemenda eru haldnir að vori eða að hausti.
- Fyrsti fundur aðstandenda og starfsfólks fer fram sem fyrst að hausti en getur einnig farið fram að vori. Hægt er að setja þennan fund í framhaldi af skilafundi skóla, leikskóla eða GRR. Á þessum fundi er leitað eftir upplýsingum sem varða nemandann s.s. áhugamál, styrkleika, lyf, sjálfstæði í athöfnum daglegs lífs, heilsufar o.fl. Foreldrum eru kynnt mikilvæg atriði varðandi skólann (sjá gátlista 2) og starfsfólk lætur í té þær upplýsingar sem fyrir liggja varðandi veturinn. Væntingar aðstandenda og áherslur í einstaklingsáætlun eru ræddar á fundinum.
- Einstaklingsáætlun er gerð að hausti. Gert er ráð fyrir að áætlunin sé tilbúin í lok október. Áætlunin er gerð í samvinnu við aðstandendur og nemendur eftir því sem við á. Einstaklingsáætlunin er kynnt í fyrra foreldraviðtali sem auglýst er á skóladagatali Lækjarskóla.
- Umsjónarkennari tengslabekks og þeir kennarar tengslabekks sem kenna nemandanum fá upplýsingar um nemandann að hausti.
- Ef nemandi er ekki í neinni námsgrein með umsjónarkennara tengslabekks er hann í fyrstu eða annarri viku (ef hann er tilbúinn) kynntur fyrir umsjónarkennara tengslabekks.
- Fyrir nemendur 9. bekkjar hefst vinna við tilfærsluáætlun að hausti.

Upplýsingar gefnar í fyrstu heimsókn aðstandenda

- Núverandi nemendafjöldi, hvernig nemendur skiptast á stigin og ef hægt er hvort líkur eru á að nemendahópurinn breytist næsta vetur.
- Fjölda starfsmanna, skiptingu í kennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa og hvernig skiptingin er á milli stiga.
- Að allir nemendur eru skráðir í almennan bekk og að við tölum um almenna bekkinn sem tengslabekk.
- Lögð er áhersla á að nemendur fari í list- og verkgreinar með tengslabekk og við forgangsroðum fylgd stuðningsfulltrúa eða þroskaþjálfara í þá tíma. Fylgd eða stuðningur í aðrar námsgreinar ræðst af getu til að sjá af mönnun frá bekkjunum í viðkomandi tíma.
- Upplýsingar um viðbótartíma sem sérdeildin hefur í list- og verkgreinum.
- Stuðningsfulltrúar eru með nemendum í frímínútum og hádegismat.
- 9. og 10. bekkur tekur þátt í vali með unglिंगadeildinni. (stýrt val)
- Ef nemendur geta nýtt sér nám í tengslabekk er reynt að koma til móts við þá og aðlaga stundaskrá þeirra að bekkjastundaskrá tengslabekks. Hvort hægt sé að koma til móts við nemendur fer eftir getu skólans til að veita stuðning.
- Akstur í skólann eða strætómiðar eru í boði fyrir þá nemendur sem það þurfa.
- Aðstandendur hvattir til að spyrja og þeim svarað eftir bestu vitund.

- Gátlisti 2

Móttaka nýrra nemenda í sérdeild

- Stundatafla kynnt (ef hún er tilbúin)
- Akstur eða strætómiðar – farið yfir reglur
- Nesti á morgnana, drykkjaráskrift
- Skólamötuneyti
- Frímínútur
- Heildagsskóli
- SMT – reglur Lækjarskóla – söfnun svana og svanaveislur
- Skólakort ef þau verða notuð
- Farið yfir upplýsingar um nemanda, símanúmer, heimilisfang o.s.frv.
- Tilkynna á veikindi daglega í skólann, einnig seinkomur.
- Mentor-upplýsingar
- Annað
- Athafnir daglegs lífs, geta til sjálfshjálpar og hvar þarfnast nemandinn aðstoðar.
- Hreyfigeta, fín- og grófhreyfingar.
- Hjálpartæki
- Tjáning
- Heimavinna
- Hvernig skilaboðum er háttað milli skóla og heimilis
- Farið yfir upplýsingar um nemanda varðandi lyf, hjálpartæki og heilsufar
- Væntingar

Þessi listi er einungis til viðmiðunar hann getur verið breytilegur.